

18

10. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 28. nóv. 1919, um breyting á 1. gr. laga um vítagjald frá 11. júlí 1911.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laga nr. 29 28. nóv. 1919 orðist svo:

Fyrir hvert skip, sem er 5 smálestir brúttó eða stærra og tekur höfn á Íslandi eða er haldið úti frá landinu, skal greiða vítagjald, 1 kr. af hverri nettó-smálest af rúmmáli skipsins, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot talin heil, en minna broti sleppt. Skemmtiferðaskip, sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skulu greiða 20 aura í vítagjald af hverri smálest.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 29 28. nóv. 1919, um vítagjald.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. apríl 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

19

10. apríl

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku til símaframtækna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, allt að 12 milljón krónum, til símaframtækna, sem hún telur nauðsynlegar umfram þær, sem veitt er til í fjárlögum, enda færast vextir og afborganir af slíkum lánum á reikning landssímans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. apríl 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.